

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 351/2022

2023/EES/48/62

frá 9. desember 2022

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/691 frá miðvikudagur, 28. apríl 2022 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 32fhð (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 D 0691**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/691 frá 28. apríl 2022 (Stjtið. ESB L 128, 2.5.2022, bls. 84).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2022/691, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(¹) Stjtið. ESB L 128, 2.5.2022, bls. 84.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.